



Tyllidagar

Explicații privind sărbătorile
islandeze



Enska - English

Pólska - Polski

Spænska - Español

Filippseyska - Filipino

Arabíska - عَرَبِيّ

Rússneska - Русский

Kúrdíska - کوردی

Litháíska - Lietuviškai

Albanska - Shqip

Víetnamska - Tiếng Việt

Tælenska - ภาษาไทย


Farsi - فارسی

Rúmenska - Română

Þorrablót

Þorrablót var hátíð á öldum áður þegar Íslendingar blótuðu Þór sem var guð í norrænni ásatrú. Nú til dags fagna Íslendingar þorrablóti á sama tíma til að fagna þorramánuði sem áður var á dagatali Íslendinga. Í gamla daga var árinu skipt í tvær árstíðir, sumar og vetur. Þorri var fjórði mánuður vetrar og var frá 19.-25. janúar til 18.-24. febrúar. Fyrsti dagur þorra var bóndadagur. Íslendingur halda þorrann hátíðlegan með því að borða hefðbundinn vetrarmat sem var það einu sem var í boði yfir vetrartímann. Maturinn var yfirleitt fiskur og kjöt sem var geymt í salti og sýru. Í dag fagna Íslendingar þorranum með mikilli skemmtun þar sem sungið er og dansað og snæddur matur sem mörgum finnst ógeðfelldur. Þar má nefna blóðmör og lifrarpylsu sem saman er kallað slátur, sviðnir kindahausar (svið), kæsturhákarl og súrir hrútspungar. Annar eðlilegri matur er rúgbrauð sem áður var bakað við jarðhita, skyr, hangikjöt og harðfiskur með smjöri.

Þorrablót este o sărbătoare străveche de pe vremea când islandezii îl venerau pe Þór, un zeu din religia păgână nordică. În ziua de azi, concomitent cu Þorrablót, islandezii serbează luna lui Þorri din vechiul calendar islandez. În trecut, anul era împărțit în două anotimpuri, vară și iarnă. Þorri era a patra lună hibernală și ținea din 19-25 ianuarie până în 18-24 februarie. Prima zi a acestei luni era bóndadagur (ziua fermierului/bărbatului). Islandezii sărbătoresc cu alimente specifice perioadei, singura mâncare disponibilă pe timp de iarnă. Aceasta consta mai ales în pește și carne conservată în sare și zer. În ziua de azi, islandezii sărbătoresc Thorri cu distracție din plin, cântec, dans și mâncare considerată de mulți dezagreabilă, cum ar fi, printre altele: blóðmör (sângerete) și lifrarpylsa (un fel de caltaboș din ficat de oaie), numite și slátur, cap de miel fiert (svið), rechin fermentat și fudulii de berbec acre. O mâncare mai normală o constituie pâinea de secară, care pe vremuri era preparată folosind căldură geotermală, skyr (produs lactat similar cu iaurtul), carne afumată de miel și pește uscat servit cu unt.



Bóndadagurinn/Ziua fermierului

Fyrsti dagur mánaðarins þorra í gamla norræna tímatalinu er nefndur bóndadagur. Hann er alltaf á föstudegi í 13. viku vetrar. Sú hefð hefur skapast er að konur gefi bónda sínum blóm eða smágjöf á þessum degi.

Prima zi a lunii porri din vechiul calendar nordic este numită bondadagur (ziua fermierului/bărbatului). Aceasta este serbată întotdeauna în a treisprezecea zi de vineri a iernii. În timp, a devenit o tradiție ca în această zi femeile să le ofere partenerilor lor flori sau un mic cadou.

Konudagurinn/Ziua femeii

Konudagur er fyrsti dagur mánaðarins góu í gamla norræna tímatalinu sem er sunnudagurinn í 18. viku vetrar á milli 18. – 24. febrúar. Sú hefð er að menn gefi konum blóm í tilefni konudagsins.



Konudagur (Ziua femeii) este prima zi din luna „goa” din vechiul calendar nordic, mai exact duminica din a optsprezecea săptămână a iernii, în perioada dintre 18 și 24 februarie. Cu această ocazie, bărbații oferă femeilor flori.

Bolludagurinn

Á Íslandi hefur tíðkast að borða bollur sem eru annað hvort vatnsdeigsbollur eða gerbollur fylltar með allskyns rjóma og sultu.

Rík hefð var fyrir því að föndraðir voru bolluvendir, oftast úr litríkum pappírsræmum sem límðar eru á prik. Börn flengdu svo foreldra sína með vendinum og hrópuðu; Bolla! Bolla! Bolla!

În Islanda, gogoșile din aluat opărit sau dospit, umplute cu frișcă și dulceață, au devenit deja o tradiție.

În această zi, copiii confecționează niște bote speciale din fâșii de hârtie colorată lipite pe un băț. Copiii își lovesc părinții cu ea, strigând: Bolla! Bolla! Bolla!



Sprengidagurinn
Á þessum degi tíðkast á
flestum heimilum á
Íslandi að elda réttinn
„Saltkjöt og baunir“.

În această zi,
majoritatea familiilor
gătesc tradiționala
“carne sărată cu
mazăre”.



Öskudagurinn

Á þessum degi er hefð fyrir því að börn klæði sig í grímubúning og syngi fyrir fólk og fáí að launum sælgæti. Að hengja öskupoka á fólk tíðkast á Íslandi og var lykilatriðið að koma pokunum fyrir svo að fórnarlambið tæki ekki eftir því.

În această zi, copii obișnuiesc să se îmbrace în costume și să cânte pentru adulți, primind în schimb dulciuri. O altă tradiție consta în a agăța o punguță pe spatele altor oameni, esențial fiind ca aceștia să nu realizeze ce li se întâmplă.



Páskar

Páskahátíðin tengist kristinni trú.
Síðasti sunnudagur fyrir páska
nefnist pálmasonundagur.
Fimmtudagur fyrir páska heitir
skírdagur og daginn eftir er
föstudagurinn langi en þá er
frídagur. Páskadagur er sunnudagur
og þá borða börn súkkulaði sem
kallast páskaegg.



Sărbătoarea pascală este legată
de credința creștină. Ultima
duminică înainte de Paște se
numește pâlmasonundagur
(Duminica Floriilor). Joia de
dinainte de Paște se numește
skírdagur (Joia Mare), iar ziua
următoare este föstudagurinn
langi (Vinerea Mare), care este zi
de sărbătoare (liberă). Ziua de
Paște este duminică și în această
zi copiii mănâncă ouă de
ciocolată (páskaegg).

Sumardagurinn fyrsti

Sumardagurinn fyrsti er fyrsti dagur hörpu, sem er fyrstur af sex sumarmánuðum í gamla norræna tímatalinu. Sumardaginn fyrsta ber alltaf upp á fimmtudag á tímabilinu 19. – 25. apríl.

Samkvæmt íslenskri þjóðtrú boðar það gott sumar ef sumar og vetur frjósa saman. Á undanfórnum árum hefur færst í vöxt að bæjarfélög haldi ýmiss konar hátíðir fyrir börn og fjölskyldur þeirra á þessum degi.


Prima zi de vară este prima zi a lunii „harpa”, prima din cele șase luni estivale în vechiul calendar nordic. Prima zi de vară este întotdeauna ziua de joi din perioada 19-25 aprilie. Conform credinței populare islandeze, dacă în noaptea de dinaintea primei zile de vară se înregistrează temperaturi negative (dacă „iarna și vara îngheață împreună”), vara ce urma avea să fie una bună. În ultimii ani a devenit o tradiție ca anumite municipalități să organizeze în această zi tot felul de serbări pentru copii și familiile lor.



Sjómannadagurinn

Sjómannadagurinn er fyrsti sunnudagurinn í júní ár hvert. Hann er hátíðisdagur allra sjómanna. Flest bæjarfélög halda upp á þennan dag með einhvers konar skemmtidagskrá við höfnina.

Ziua marinarului se ține anual în prima duminică din luna iunie, zi de sărbătoare a tuturor celor ce lucrează pe mare. Majoritatea municipalităților organizează în această zi diverse activități distractive în zona portului.





17. júní

Íslenski þjóðarhátíðardagurinn er haldinn hátíðlegur 17.júní ár hvert. Það er fæðingardagur Jóns Sigurðssonar og almennur frídagur. Á 17. júní er fjölbreytt hátíðardagskrá til að minnast Lýðveldi Íslands þann 17. júní 1944.

Ziua națională a Islandei este sărbătorită cu fast în fiecare an pe 17 iunie. Este ziua în care s-a născut Jón Sigurðsson și este o sărbătoare publică. Pe 17 iunie se organizează diferite activități festive pentru a sărbători data la care Islanda a devenit republică, 17 iunie 1944.



Verslunarmannahelgi

Frídagur verslunarmanna er fyrsti mánudagur í ágústmánuði. Hann myndar þriggja daga helgi sem kölluð er verslunarmannahelgi. Frídagur verslunarmanna var upphaflega bara fyrir verslunarmenn en þessi þriggja daga helgi varð mjög vinsæl sem almenn ferðahelgi og mánudagurinn er nú lögboðinn frídagur. Helgin er ein mesta ferðahelgi ársins og fjölbreyttar útihátíðir eru haldnar víða um landið.


Ziua angajaðilor din comerț este prima zi de luni din luna august. Această închide un weekend lung de 3 zile cunoscut sub numele de verslunarmannahelgi (weekendul angajaðilor din comerț). Inițial, ziua de luni liberă se acorda doar angajaðilor din magazine, însă acest weekend de 3 zile a devenit foarte popular pentru călătorii, așa că ziua de luni a fost declarată zi liberă prin lege. În acest weekend se călătorește intens și în toată țara se organizează diverse serbări în aer liber.




Þorláksmessa

Þorláksmessa er þann 23. desember. Hún er kennd við Þorlák hinn helga Þorláksson biskup í Skálholti en hann lést þennan dag. Í dag er Þorláksmessa hluti af jólaundirbúningnum og þá borða margir kæsta skötu og lyktin af þorláksmessuskötunni finnst um allan bæ.

Þorláksmessa (Liturghia Sfântului Thorlakur) se serbează pe 23 decembrie. Își trage numele de la Sfântul Þorlákur Þorláksson, episcop de Skálholt, care a murit în această zi. În prezent, Þorláksmessa face parte din pregătirile de Crăciun, mâncarea tradițională a multora fiind skata fermentată (un pește cartilaginos), mirosul căreia acaparează întregul oraș.





Jól

Jól eru haldin hátíðleg þann 24. desember. Jólin eru hringd inn klukkan sex á aðfangadagskvöld. Jólamaturn er oftast kjötmeti s.s. rjúpa, hangikjöt eða hamborgarahryggur ásamt meðlæti. Flestir verja aðfangadagskvöldi með fjölskyldunni og opna gjafir eftir jólamatinn. Jólaskreytingar eru áberandi á Íslandi og jólaljósin lýsa upp dimmasta skammdegið.

Crăciunul se sărbătorește pe 24 decembrie și începe oficial la ora șase în seara de Ajun. Cel mai des, masa de Crăciun constă într-un fel de carne, cum ar fi rjúpa (potârniche albă), hangikjöt (carne de miel afumată) sau cotlet de porc cu diferite garnituri. Cei mai mulți petrec Ajunul cu familia și desfac cadouri după cină. Decorațiunile sunt impresionante, iar beculețele de Crăciun luminează și întunericul cel mai profund al nopții polare.





Gamlárskvöld

Gamlársdagur er síðasti dagur almanaksársins 31. desember, í vestrænni menningu. Margir minnst liðins árs á gamlárskvöld og fagna hinu nýja ári með veisluhöldum og með því að skjóta upp flugeldum. Ýmsar hefðir eru í kringum hátíðarhöld og víða eru áramótabrennur.

Gamlársdagur (Ajunul Anului Nou) este ultima zi din calendar, 31 decembrie în cultura occidentală. Mulți rememorează anul ce se termină și serbează noul an cu petreceri și artificii. Există multe tradiții legate de această sărbătoare și în multe locuri se organizează focuri de tabără.

Þrettándinn

Lokadagur jóla er 6. janúar. Þá fer síðasti jólasveinninn aftur til fjalla og þar með lýkur jólinum. Á þrettándanum eru oft haldnar útiskemmtanir með brennu, dans og söng. Þar koma stundum fram álfar, tröll og jólasveinar. Fólk kemur saman við brennuna með kyndla, skýtur upp síðustu flugeldunum frá áramótum og syngur saman áramóta- og álfasöngva.

Ziua care încheie sărbătorile de iarnă este 6 ianuarie. Este ziua când ultimul moș se întoarce în munți și, prin urmare, sărbătoarea ia sfârșit. În această a treisprezecea zi (þrettándi) se organizează deseori activități distractive în aer liber cu focuri de tabără, muzică și dans. Acolo apar uneori spiriduși, troli și moși de Crăciun. Oamenii se adună cu torțe în jurul focului, lansează ultimele artificii rămase de la Revelion și cântă împreună cântece specifice despre anul nou și spiriduși.





Menntastefna
Reykjavíkurborgar



MML
miðja máls og læsis